

Fjarfundamenning



Áhersluverkefni EYPINGS 2019

SÍMEY
Pekkingarnet Þingeyinga

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Markmið.....	4
Aðstæðugreining	5
Stjórnsýslan: Sveitarfélögin og svæðið.....	5
Lög og reglugerðir	7
Könnun – Svör sveitarstjóra.....	10
Samantekt á niðurstöðum könnunar	18
Vinnulag og verklagsreglur við fjarfundi	20
Tækni og búnaður	25
Þjálfun.....	27
Samantekt	29
Viðaukar.....	33
Viðauki 1 – Erindi til sveitarstjóra um rafræna könnun	33
Viðauki 2 – Spurningakönnun	34
Viðauki 3 – Gátlisti vegna fjarfunda	37
Viðauki 4– Námskeið fyrir kjörna fulltrúa og nefndamenn.....	38
Viðauki 5– Námskeið fyrir starfsmenn sveitarfélaga	43

Inngangur

Verkefnið Fjarfundamenning var samþykkt sem eitt af áhersluverkefnum Sóknaráætlunar Norðurlands eystra árið 2019. Að verkefninu standa SÍMEY símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar og Þekkingarnet Þingeyinga. Viðfangsefni verkefnisins er að auka þekkingu og efla notkun á fjarfundum í stjórnsýslu sveitarfélaga á Eypingssvæðinu. Horft er til tveggja meginþátta, annars vegar fundahalda kjörinna fulltrúa og starfsmanna sveitarfélaganna, hins vegar eflingar starfa án staðsetningar.

Starfssvæði Eypings er víðfeðmt og sveitarfélögin innan Eypings afar ólík hvað varðar stærð, íbúafjölda, atvinnu og umhverfi. Í starfi kjörinna fulltrúa og starfsmanna innan stjórnsýslunnar fer mikill tími, fjármunir og orka í ferðalög vegna funda og samstarfsverkefna. Þessar miklu fjarlægðir gera þeim sem búa utan „miðkjarna“ erfiðara um vik að taka þátt í sveitarstjórnarstörfum. Nú hyllir undir að allt starfssvæði Eypings verði tengt við háhraðanet þá breytast ýmsar forsendur varðandi fundahöld og störf án staðsetningar. En til langs tíma hefur lélegt netsamband hamlað því að hægt væri að

nýta nútíma fjarlausnir fyrir landshlutann í heild svo við mætti una. Nú eru aðstæðurnar fyrir hendi, en til að þær nýtist sem best til skilvirkara samstarfs og hagræðingar þarf bæði vilja og samræmingu.

Verkefninu er skipt upp í 4 verkþætti; greiningu, vinnulag, tækni og þjálfun.

Greiningarvinna fól í sér könnun á aðstæðum í sveitarfélögum á starfssvæði EYPIINGS. Kannað var hjá sveitarstjórum hvernig aðbúnaður sveitarfélaganna er, nýting á fjarlausnum til fundahalda og viðhorf til þeirra. Þá voru samþykktir sveitarfélaganna rýndar með tilliti til fjarfunda og til samanburðar við ramma laganna.

Skilgreint var vinnulag og verklagsreglur við framkvæmd fjarfunda sveitarfélaganna hvort tveggja með tilliti til starfsmanna og kjörinna fulltrúa og nefndarmanna.

Tæknimál voru skoðuð út frá þörfum sveitarfélaga með tilliti til fundahalda og öryggis. Að lokum voru haldin 4 námskeið fyrir starfsmenn og kjörna fulltrúa og nefndamenn þar sem þeir fengu kennslu og þjálfun í notkun fjarfundalausna innan stjórnkerfis sveitarfélaganna.

Markmið

Verkefnið fellur afar vel að þeirri sýn sem birtist í Sóknaráætlun Norðurlands eystra 2015-2019, þar sem horft er til framtíðar starfssvæðis Eyþings. Þar birtist m.a. þessi framtíðarsýn varðandi innviði og búsetu:

„Á Norðurlandi eystra er samfélag sem byggir á samstöðu og samvinnu. Á Norðurlandi eystra eru samgöngur og fjarskipti í takt við þarfir landshlutans og tækniþróun.“ (Eyþing, 2015)

Verkefninu er ætlað að bregðast sérstaklega við þeim aðstæðum og hindrunum sem áætlunin dregur fram varðandi fjarlægðir og dreifða samsetningu byggðanna og sveitarfélaganna á svæðinu.

Þau markmið sem skilgreind eru í verkefninu eru:

- Auka þekkingu og efla notkun meðal kjörinna fulltrúa á Eyþingssvæðinu á fjarfundum í nefndum/ráðum/stjórnnum sveitarfélaga.
- Auka þekkingu og notkun starfsmanna og stjórnsýslu sveitarfélaga á Eyþingssvæðinu á fjarfundum í daglegum störfum.
- Gera sveitarfélögin á Eyþingssvæðinu betur í stakk búin til að innleiða “störf án staðsetningar”, t.d.

með búsetu og starfsstöðvum í dreifðari byggðum sveitarfélaganna.

Áherslan í verkefninu verður á störf sveitarstjórnarfólks og starfsmenn sveitarfélaganna en um leið verður horft til yfirfærslugildis verkefnisins hvað varðar atvinnulíf og skólakerfi. Ljóst er að í verkefninu felast samlegðaráhrif sem lúta að því að styrkja hinar dreifðari byggðir, auka skilvirkni og minnka kostnað. Einnig er verkefnið tækifæri til að mæta þeirri þróun sem er að verða í nýjum tæknilausnum. Skipulag námskeiða tók mið af þeim ólíka hópi sem verkefnið á að nýtast, sveitastjórn, skólaumhverfi og atvinnulífi.

Aðstæðugreining

Stjórnsýslan: Sveitarfélögin og svæðið

Eyþing (nú Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi eystra - SSNE) eru landshluta-samtök sveitarfélaga á Norðausturlandi. Sveitarfélögin sem mynda samtökin eru 13 talsins, frá Langanesbyggð í austri til Fjallabyggðar í vestri. Strandlengjan er löng og hálendið innan þessara sveitarfélaga teygir sig allt inn á Vatnajökul. Sveitarfélögin 13 eru afar ólík innbyrðis, landfræðilega og hvað varðar íbúafjölda og stjórnsýslu. Breiddin lýsir sér best í því að á öðrum endanum er Tjörneshreppur sem er fámennastur með 58 íbúa 1. desember 2018, tiltölulega lítil að stærð, án þéttbýliskjarna og oddviti hefur á sínum höndum verkefni sem sveitarstjórar og mögulega aðrir starfsmenn sveitarfélaga mundu annars gegna. Á hinum endanum er Akureyrarbær með 18.787 íbúa, landfræðilega legu frá Akureyri til Grímseyjar, nokkra þéttbýliskjarna og stjórnkerfi í nokkrum lögum. Akureyrarbær hefur að auki þá sérstöðu að vera með stóran þéttbýliskjarna sem segja má að gegni borgarhlutverki í landshlutanum. Byggðirnar innan landshlutans eru sömuleiðis margbreytilegar, fámennt dreifbýli, lítil þorp, þéttbýli og einn stór þéttbýlisstaður.

Skilgreindar brothættar byggðir samkvæmt greiningu Byggðastofnunar eru 5 á svæðinu. Grímsey og Hrísey sem tilheyra Akureyrarbæ, Öxarfjörður og Raufarhöfn sem eru hluti af Norðurþingi og Bakkafjörður sem er hluti af Langanesbyggð.

Landshlutinn samanstendur af fámennum dreifbýlum svæðum eins og Öxarfirði, Kelduhverfi, litlum þorpum eins og Grímsey, Kópaskeri, Hrafnagili, bæjum eins og Siglufirði, Dalvík og Húsavík og svo stóra þéttbýlinu Akureyri. Þarfir byggðanna og þeirra sveitarfélaga sem þær tilheyra eru ólíkar. Eins og kemur fram í könnun sem send var út á sveitarstjóra og fjallað er um hér á eftir er til að mynda fjöldi starfsstöðva sveitarfélaganna misjafn. Um leið og starfsstöðvar stjórnsýslu verða fleiri en ein verður til þörf vegna samskipta á milli starfsstöðva. Að sama skapi þegar sveitarfélögin eru víðfeðm geta kjörnir fulltrúar komið hvaðanæva að úr sveitarfélaginu og við það getur skapast þörf fyrir fundahöld með fjarlausnum.

Hagaðilar í þessu samhengi eru fjölmargir svo sem íbúar, opinberar stofnanir og fyrirtæki. Fyrst og fremst er hér horft til sveitarfélaganna sjálfra og umgjörðar um fjarfundi sem fara fram á vettvangi þeirra. Þá er horft til þess hvort og hvernig auka megi notkun fjarfunda í starfssemi þeirra í þeim

tilgangi að bæta þjónustu við íbúa og bæta yfirfærslugildi og getur nýst öðrum nýtingu á fjármunum. Verkefnið hefur landshlutasamtökum og sveitarfélögum.

Lög og reglugerðir

Hafi sveitarfélag nýtt fjarfundalausnir til fundahalda eða hyggst gera það þarf að gæta þess að allar áætlanir um notkun fjarfunda í starfi þess falli að lögum og reglum sem þar um gilda. Í því samhengi þarf að horfa til tveggja þátta, þeirra laga sem eiga við um málefni funda, sveitarstjórnarlaga og samþykktu sveitarfélaganna sjálfra.

Fjallað er um er notkun fjarfunda á vettvangi sveitarstjórna í sveitarstjórnarlögum 138/2011.

Í 17. grein um ályktunarhæfni og atkvæða-greiðslu segir í 3. mgr.:

Ef fjarlægðir í sveitarfélagi eru miklar eða samgöngur innan sveitarfélags eru erfiðar er heimilt að nota fjarfundarbúnað á fundum sveitarstjórnar. Skal þá mælt fyrir um notkun slíks búnaðar í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins. (Sveitarstjórnarlög, 2011)

Jafnframt segir í 19. grein sömu laga:

Ráðherra setur með auglýsingu leiðbeiningar um ritun fundargerða sveitarstjórna, m.a. um hvað þar er skylt að bóka, um staðfestingu þeirra þegar að loknum fundi og skráningu og meðferð rafrænna fundargerða. Þar skal einnig setja nánari viðmið um framkvæmd fjarfunda skv. 3. mgr. 17. gr. (Sveitarstjórnarlög, 2011)

Innanríkisráðuneytið birti, í stjórnartíðindum 20. des. 2013, auglýsingu um leiðbeiningar um notkun fjarfundabúnaðar á fundum sveitarstjórna. Í 2. gr. er fjallað um forsendur

þátttöku í sveitarstjórnarfundum í gegnum fjarfundabúnað:

2. gr. Sveitarstjórnarmanni er heimilt að taka þátt í fundi sveitarstjórnar í gegnum fjarfundarbúnað ef fjarlægð frá fundarstað, slæmt veður eða samgönguörðugleikar innan sveitarfélags torvelda honum fundarsókn.

Sveitarstjórnarmaður sem óskar eftir að taka þátt í fundi í gegnum fjarfundarbúnað af ofangreindum ástæðum skal tilkynna það oddvita og sveitarstjóra með nægjanlegum fyrirvara. Með sama hætti og með sömu fyrirvörum má nýta fjarfundarbúnað á fundum byggðaráðs og annarra fastanefnda sveitarfélags.

(Innanríkisráðuneytið, 2013)

Þarna er skýrt að eingöngu er heimilt að taka þátt í fjarfundum ef fjarlægð frá fundarstað, slæmt veður eða samgönguörðugleikar innan sveitarfélags torvelda fundarmanni fundarsókn. Sérstaklega er tekið fram í 1. gr. leiðbeininganna að heimildin eigi ekki við ef sveitarstjórnarmaður er staddur utan sveitarfélagsins eða forfallaður af öðrum orsökum en tilteknar eru í 2. málsgrein.

Send var fyrirspurn til Sambands íslenskra sveitarfélaga til að fá nánari útskýringu á ákvæðum um við hvaða tilefni væri heimilt að taka þátt í sveitarstjórnarfundum sem samkvæmt auglýsingunni á einnig við um byggðaráðsfundi og fundi fastanefnda sveitarfélaga. Í tölvupósti frá Guðjóni Bragasyni 24. apríl 2019 kemur m.a. eftirfarandi fram:

Tekið skal fram að orðalag ákvæðisins um að fjarlægðir séu miklar eða samgöngur erfiðar vísar til þess að aðstæður séu almennt með þeim hætti í sveitarfélaginu, e.t.v. þó árstíðabundið. Séu slíkar aðstæður fyrir hendi þá er heimildin til að nýta fjarfundarbúnað hins vegar ekki bundin við það að veður sé slæmt eða ófært að ferðast af öðrum sökum heldur telst þá heimilt að nota búnaðinn með reglubundnum hætti. Þær kröfur sem ákvæðið gerir til fjarfundarbúnaðar eru umtalsverðar. Af þeirri ástæðu verður ekki séð að eðlilegt sé að gera þá kröfu að hann verði aðeins hægt að nota einu sinni til tvisvar á ári, þ.e. í þeim tilvikum þegar færð kynni að hamla fundarsókn. Þá verður einnig að taka fram að ákvæðið vísar til samgangna innan sveitarfélags. Ákvæðið verður ekki nýtt til að auðvelda sveitarstjórnarmönnum að vera fjarverandi úr sveitarfélaginu eða taka þátt í sveitarstjórnarstörfum frá öðrum löndum, svo dæmi séu tekin.

Sá rammi sem sniðinn er um notkun fjarfunda á fundum sveitarstjórna, byggðaráða og fastanefnda er mjög skýr og nokkuð þröngur.

Samkvæmt lögum er því óheimilt að halda slíka fundi sem eiginlega fjarfundi, fundarmenn skulu vera staddir á fundarstað nema með þeim undantekningum sem tilgreindar eru í lögnum.

Í auglýsingu um leiðbeiningar um notkun fjarfundabúnaðar á fundum sveitarstjórna kemur fram að ef sveitastjórnarfulltrúum stendur til boða að taka þátt í fundum með fjarfundalausnum þá skuli fjallað um notkun fjarfunda í samþykktum sveitarfélaganna. Í

samþykktum sveitarfélaga í Eypingi er mismikil umfjöllun um fjarfundi og hvernig þeim skuli hagað.

Akureyrarbær, Grýtubakkahreppur og Hörgársveit fjalla um framkvæmd fjarfunda á sama hátt: „14. gr. Fjarfundabúnaður. Um framkvæmd fjarfunda gildir auglýsing ráðherra, sbr. 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga.“

Í samþykktum Þingeyjarsveitar er nánast samhljóða texti, en með viðbót um ákvörðunartöku um notkun fjarfunda: „14. gr. Fjarfundabúnaður. Sveitarstjórn getur ákveðið á sveitarstjórnarfundum að heimilt sé að nota fjarfundabúnað á fundinum í sérstökum tilvikum, sbr. 3. mgr. 17. gr. sveitarstjórnarlaga. Um framkvæmd fjarfunda gildir auglýsing ráðherra, sbr. 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga.“

Í samþykktum Dalvíkurbyggðar er komið inn á notkun fjarfunda á einum stað þar sem segir: „Um undirritun fundargerða símafunda. Ef haldinn hefur verið símafundur undirritar sveitarstjórnarmaður/ nefndarmaður sem ekki var viðstaddur á fundarstað, fundargerð á næsta fundi sveitarstjórnar/nefndar.“ En ekki er á neinn annan hátt gerð grein fyrir hvenær megi boða til eða hvernig eigi að standa að símafundi.


Í samþykktum Eyjafjarðarsveitar, Fjallabyggðar, Langanesbyggðar, Norðurþings, Skútustaðahrepps, Svalbarðshrepps, Svalbarðsstrandahrepps og Tjörneshrepps er

ekkert fjallað um heimildir fyrir því að halda fjarfundi eða með hvaða hætti framkvæmd þeirra skuli vera. Af því leiðir skv. ákvæðum sveitarstjórnarlaga að heimild til að halda


fjarfundi er ekki til staðar hjá framangreindum sveitarfélögum þar sem þeirra er ekki getið í samþykktum.

Könnun – Svör sveitarstjóra


Rafræn könnun var lögð fyrir sveitarstjóra allra sveitarfélaganna á starfssvæði Eypings. Hér á eftir fara niðurstöður hennar.




Mynd 1. Er stjórnsýsla bæjar-/sveitarfélagsins með fleiri en eina starfsstöð?




Mynd 2. Hefur sveitarfélagið komið sér upp sérstakri aðstöðu til fjarfunda?



Mynd 3. Hvers konar búnað á sveitarfélagið til notkunar á fjarfundum? Merkið við allt sem við á.




Mynd 4. Hvaða tegund fjarfunda er notuð innan stjórnsýslu sveitarfélagsins ef einhver? Merkið við allt sem við á.




Mynd 5. Hvað telur þú að þyrfti helst að bæta til að auka notkun fjarfunda í þínu sveitarfélagi?

Einn þátttakandi merkti við annað og sagði ekki oft þörf fyrir fjarfundabúnað en þá væri það leyst með búnaði sem væri ágætur. Viðkomandi hafði ekki trú á að betri búnaður mundi leiða til þess að fjarfundir yrðu fleiri.




Mynd 6. Eru fjarfundir nýttir af starfsmönnum sveitarfélagsins? Merkið við allt sem á við.


Þrír merktu við annað. Í viðbrögðum tveggja kom fram að fjarfundir væru ekki mikið notaðir. Annar nefndi að þeir væru ekki notaðir til fastra funda og hinn að fjarfundabúnaður væri einna helst nýttur til að fylgjast með útsendingum á fundum t.d. á vegum Sambandsins. Einn merkti við að fjarfundir væru nýttir til samstarfs bæði innan og utan sveitarfélagsins.



Mynd 7. Telur þú að aukin notkun fjarfunda í starfi sveitarfélagsins myndi bæta starfsemi þess?




Mynd 8. Telur þú að aukin notkun fjarfunda í starfi sveitarfélagsins myndi leiða til hagræðingar í rekstri þess?




Mynd 9. Hafa starfsmenn kost á að nýta sér fjarvinnslumöguleika (virtual office)?


Einn sveitarstjóri merkti við annað og gaf þá skýringu að starfsmenn gætu að einhverju leyti nýtt sér fjarvinnslumöguleika með því að logga sig inn á sinn aðgang og vinna í fartölvu utan skrifstofu.




Mynd 10. Eru fjarfundir nýttir af kjörnum fulltrúum og nefndarmönnum? (Merkið við allt sem við á.)




Mynd 11. Eru bæjar-/sveitarstjórnarfundir í einhverjum tilvikum haldnir í fjarfundi?



Mynd 12. Eru nefnda-/ráðsfundir í einhverjum tilvikum haldnir í fjarfundi?



Mynd 13. Eru vinnufundir kjörinna fulltrúa í einhverjum tilvikum haldnir í fjarfundi?



Mynd 14. Telur þú að aukin notkun fjarfunda í samstarfsverkefnum milli sveitarfélaga væri til hagsbóta?

Að lokum voru þátttakendur spurðir hvað þeir teldu helst þurfa að hafa í huga þegar fjarfundir eru nýttir af starfsmönnum, kjörnum fulltrúum og nefndarmönnum sveitarfélaga til fundahald og samstarfs. Svörunum má skipta í 4 flokka: Búnaður og aðstaða, form og skipulag funda, kostnaður, þekking og kunnátta. Varðandi búnað og aðstöðu kom fram að búnaður þurfi að vera góður, gæði hljóðs og myndar góð og nettenging. Þá þarf búnaður að vera einfaldur í notkun. Hvað varðar form og skipulag voru nefnd atriði eins og að fundarmenn sitji við sama borð þ.e. að allir þátttakendur á fundinum séu í fjarfundi. Nefnt var að þörf væri á skýrum

einföldum reglum. Samræming í vinnubrögum innan sveitarfélags sem og í samstarfi á milli sveitarfélaga er mikilvæg. Þá skiptir undirbúningur líka máli, að tengingu sé komið á tímanlega svo auglýstur fundartími standist. Einungis eitt atriði var nefnt varðandi kostnað á þá leið að í flestum tilfellum þyrfti litlu að kosta til svo halda mætti fjarfundi eða taka þátt í þeim. Að lokum varðandi þekkingu og kunnáttu, kom fram að gott utanumhald og stjórnun þyrfti að vera til staðar, fundarstjórn þyrfti að vera skýr og öguð, fulltrúar og starfsmenn betur upplýstir og að lokum að fundargestir þyrftu að þekkja búnaðinn og hverngi fundarsköpum/fundahegðun væri háttáð til að fundir í fjarfundi nýttust sem best.

Samantekt á niðurstöðum könnunar

Á starfssvæði Eypings eru einungis fjögur sveitarfélög sem hafa fleiri en eina starfstöð. Hin sveitarfélögin níu hafa eina starfstöð. Það væri auðveldlega hægt að gefa sér að einungis væri þörf fyrir fjarfundalausnir í þessum fjórum sveitarfélögum sem hafa fleiri en eina starfstöð. Þá komum við að því að þó starfstöðvar séu ekki fleiri en ein í níu af þrettán sveitarfélögum innan Eypings þá getur búseta kjörinna fulltrúa og nefndarmanna verið dreifðari en það og kallað á þörf fyrir fjarfundalausnir. Einnig taka kjörnir fulltrúar þátt í fjölda samstarfsverkefna og funda á svæðis- og landsvísu.

Af 13 sveitarfélögum hafa sex komið sér upp sérstakri aðstöðu til fjarfunda. Ekki var skilgreint nánar hvað sérstök aðstaða fól í sér eða hvar hún var staðsett. Það er athyglisvert að einungist tvö af fjórum sveitarfélögum með fleiri en eina starfsstöð hafa komið sér upp aðstöðu á öllum starfsstöðvum sínum. Í þriðju spurningu kom fram hvers kyns búnað sveitarfélögin hafa á sínum snærum. Sex sveitarfélög eiga búnað fyrir símafundi og níu eiga búnað til að taka þátt í fundum á netinu.

Þegar spurt var um tegund fjarfunda nýta flest sveitarfélögin sér símafundi og Skype for business. Fast á eftir fylgja Skype og

Zoom. Tvö sveitarfélög nýta ekki fjarfundi. Í einu sveitarfélagi er Facebook notað til fjarfunda og í einu er Google Hangout notað.

Samkvæmt svörum sveitarstjóranna eru fjarfundir talsvert nýttir innan stjórnsýslu sveitarfélaganna. Af þrettán sveitarfélögum nýta tvö ekki fjarfundi í sínum störfum. Annars vegar var spurt um notkun starfsmanna sveitarfélagsins og hins vegar um notkun kjörinna fulltrúa og nefndarfólks. Starfsmenn tíu sveitarfélaga nota fjarfundi í samstarfsverkefnum við önnur sveitarfélög eða á landsvísu. Aðeins í einu tilviki kemur fram að starfsmenn nýti fjarfundi til samstarfs innan sveitarfélagsins. Þegar kemur að stöfum kjörinna fulltrúa og nefndarfólks er aðeins eitt sveitarfélags sem segist ekki nýta fjarfundi. Fjarfundir eru notaðir í sjö tilvikum af þrettán í samstarfsverkefni sveitarfélaga og á landsvísu. Þegar spurt var sérstaklega um sveitarstjórnafundi voru öll svörin á þá leið að ekki væri boðið upp á þátttöku í þeim í fjarfundabúnaði. Í tveimur sveitarfélögum hafa nefndarmenn hins vegar alltaf kost á að taka þátt í nefndarfundum í fjarfundi, í þremur ef verður og færð hamla því að fundarmenn geti mætt á fundarstað en í átta af sveitarfélögum er ekki boðið upp á að

taka þátt í nefndarfundum í fjarfundi. Í fimm tilvikum vissu sveitarstjórar til þess að kjörnir fulltrúar nýti sér fjarfundi á vinnufundum, þ.e.a.s. ekki formlegum fundum. Í opnum svörum kom sérstaklega fram að eitt sveitarfélagið nýtir fjarfundi til að fylgjast með fundum og hlýða á fyrirlestra sem fara fram annars staðar á landinu.

Sveitarstjórar telja helst að skorti þjálfun og fræðslu um stjórnun fjarfunda og þátttöku í þeim og samræmingu á milli sveitarfélaga í þeim málum. Þrátt fyrir það telja sjö sveitarstjórar að aukin notkun fjarfunda í starfi sveitarfélagsins myndi bæta starfsemi þess. Þá telja sjö sveitarstjórar jafnframt að aukin notkun fjarfunda í starfi sveitarfélaganna myndu leiða til mikillar eða mjög mikillar hagræðingar í rekstri þeirra.

Í átta sveitarfélögum af 13 hafa starfsmenn kost á að nýta sér fjarvinnslumöguleika. Það vekur athygli að tveir svaendur vissu ekki hvort sá möguleiki væri fyrir hendi hjá starfsmönnum sinna sveitarfélaga. Í þremur sveitarfélögum var fjarvinnslumöguleiki ekki til staðar. Þar geta ýmsar ástæður legið að baki t.a.m. að ekki sé talin þörf fyrir slíkt vegna aðstæðna í sveitarfélaginu.

Aðspurðir sögðu sveitarstjórar allra sveitarfélaganna að einungis væri hægt að

taka þátt í sveitarstjórnarfundum með því að mæta á fundarstað.

Varðandi nefnda- og ráðsfundi sveitarfélaganna virðist sveigjanleikinn vera meiri miðað við svör sveitarstjórana. Þó segja 8 þeirra að eingöngu sé hægt að taka þátt í nefnda-/ráðsfundum með því að mæta á staðinn. 3 segja að kjörnir fulltrúar geti tekið þátt í fundum í fjarfundi ef veður eða samgöngur hamla og tveir segja að kjörnir fulltrúar eigi ávallt kost á að taka þátt í fundum í fjarfundi.

Kjörnir fulltrúar virðast ekki nota fjarfundi á vinnufundum í mikilum mæli. Einungis fimm sveitarstjórar sögðu að það væri gert í einhverjum mæli, aðrir sögðu að það væri ekki gert þeim vitanlega.

Allir sveitarstjórnarnir á Eypings sögðu að aukin notkun fjarfunda í samstarfsverkefnum á milli sveitarfélaga væri til hagsbóta.

Af þessu má e.t.v. helst ráða að væntingar til notkunar fjarfundabúnaðar í auknum mæli eru umtalsverðar, flest eru sveitarfélögin ágætlega í stakk búin til að halda fundi í gegnum fjarfundabúnað og að vilji er til að auka nýtingu fjarfundalausna í starfsemi þeirra.

Hjá mörgum sveitarfélaganna er ákvæðum samþykkt ábótavant til að ná megi fram framangreindum væntginum og ávinningi hvort sem væri í samstarfi eða í rekstri.

Vinnulag og verklagsreglur við fjarfundi

Eins og kom fram að framan þá eru heimildir til þess að kjörnir fulltrúar og nefndarmenn sitji sveitarstjórnar-/ bæjarstjórnarfundi, byggða-/ bæjarráðsfundi eða fundi fastanefnda í fjarfundi takmarkaðar við vegalengdir, slæmt veður og samgönguörðugleika, innan sveitarfélagsins samkvæmt sveitarstjórnarlögum. Jafnframt þarf þeirra að vera getið í samþykktum sveitarfélagsins.

Framangreint útilokar að sveitarstjórnarfulltrúi eða nefndarmaður sem staðsettur er utan sveitarfélags geti tekið þátt í fundi í gegnum fjarfundabúnað.

Séu framangreindar forsendur fyrir hendi þarf að huga að ýmsum þáttum varðandi umgjörð fjarfundar. Hvort fundur er mynd- eða símafundur. Hvort deila þarf gögnum í mynd. Stjórnun fundar og framkomu fundarmanna. Aðstöðu á fundarstað og fjarenda.

Almennt um fundi sveitarstjórna og fastanefnda og fjarfundi

Fundir á vegum nefnda sveitarfélaga eru lokaðir fundir. Af því leiðir að ef fundarmaður situr fund í fjarfundi þarf að tryggja að hann sé í einrúmi í þar til gerðri fjarfundaaðstöðu sveitarfélagsins. Slík aðstaða getur verið til staðar til að mynda í öllum starfstöðvum stjórnsýslu

sveitarfélagsins eða í grunn- eða leikskólum sem reknir eru af sveitarfélaginu.

Fundir sveitarstjórnar eru opnir fundir en þrátt fyrir það eru gerðar sömu kröfur til aðstöðu fundarmanns á fjarenda eins og um lokaðan fund væri að ræða. Fundarmaðurinn þarf að vera í þar til gerðu fjarfundarými og tryggt að þar sé hann í einrúmi.

Símafundir

Í 3. og 4. grein áður nefndrar auglýsingar ráðherra um notkun fjarfunda á fundum sveitarstjórna er fjallað um sýnileika og möguleika fundarmanna til þátttöku í fundinum til jafns við aðra fundarmenn. Símafundir uppfylla ekki skilyrði sýnileika. Símafundi skyldi því ekki nota á sveitarstjórnarfundum, byggðaráðsfundum eða fundum annarra fastanefnda.

Aðrar nefndir sem starfa á vegum sveitarfélaga og teljast ekki til fastanefnda geta notað síma á fundum sínum. Sé einn fundarmaður í síma en aðrir á staðnum þarf fundarstjóri að tryggja að umræða á fundi skili sér til fundarmanns í síma og tryggja að fundarmaður í síma komi sínum sjónarmiðum að í umræðunni.

Símafundum sem starfsfólk tekur þátt í þarf að skipta upp í tvo megin flokka.

Annars vegar fundi sem eru vinnufundir og hins vegar fundi sem falla undir það að vera trúnaðarfundir þar sem persónuleg málefni einstaklinga geta verið til umfjöllunar.

Ekkert er því til fyrirstöðu að vinnufundir fari fram í gegnum síma svo framarlega sem þar er ekki fjallað um trúnaðarmál.

Myndfundir

Myndfundir uppfylla skilyrði 3. og 4. gr. auglýsingar ráðherra um leiðbeiningar um fjarfundi.

Ef fundarmaður á fundum sveitarstjórnar eða fastanefnda er á fjarenda í myndfundi þarf að tryggja að hann sé í einrúmi í þar til gerðri fjarfundaðstöðu sveitarfélagsins.

Sé einn fundarmaður í myndfundi en aðrir á staðnum þarf fundarstjóri að tryggja að umræða á fundi skili sér til fundarmanns í myndfundi og tryggja að fundarmaður í myndfundi komi sínum sjónarmiðum að í umræðunni. Jafnframt þarf að tryggja að fundarmaður á fjarenda geti beðið um orðið til jafns við aðra. Sum forrit bjóða upp á möguleika til þess að biðja um orðið sem gott er að nýta en annars er best að fyrirfram séu settar reglur eða lagðar línur um með hvaða hætti fundarmaður á fjarenda biður um orðið. Bjóði búnaðurinn sem nýttur er ekki upp á að fundarmenn „rétti upp hönd“ má t.d. nýta spjall möguleika forritanna til að biðja um orðið. Einnig þarf að vera skýrt hvernig

fundarmaður á fjarenda kemur bókunum á framfæri. Þar má til að mynda nýta tölvupóst til fundarritara eða spjall í myndfundaforriti. Ákvörðun um farveginn þarf að taka áður en fundur fer fram og upplýsa fundarmenn fyrirfram um hver hann er.

Myndfundum starfsfólks þarf eins og símafundum einnig að skipta í tvo flokka, annars vegar í vinnufundi og hins vegar fundi þar sem fjallað er um trúnaðarmál.

Ekkert er því til fyrirstöðu að vinnufundir fari fram í gegnum myndfundi svo framarlega sem þar er ekki fjallað um mál sem falla undir trúnað.

Varðandi fundi þar sem trúnaðarmál eða mál sem varða persónuleg málefni einstaklinga eða fyrirtækja skal tryggja að hugbúnaðurinn sem notaður er uppfylli öryggiskröfur og að ekki sé hægt að hlera fundarmenn á fjarenda. Mælt er með að sömu reglur gildi fyrir fundi þar sem trúnaðarmál eru til umræðu og gilda fyrir fundarmenn lokaðra funda hjá ráðum og nefndum sveitarfélaga.

Undirbúningur fjarfunda

Þegar starfsmaður og formaður nefndar eða forseti sveitarstjórnar undirbúa fundi þar sem hluti fundarmanna tekur þátt í fundi í gegnum fjarfundalausn þarf að hafa eftirfarandi í huga:

- Verður fundarmaður í síma- eða myndfundabúnaði? (ATH. ekki í síma ef um er að ræða sveitarstjórn og fastanefndir).
- Verður stjórnandi í síma- eða myndfundabúnaði? (ATH. ekki í síma ef um er að ræða sveitarstjórn og fastanefndir)
- Þarf að deila gögnum á fundinum (sem ekki eru send út í fundarboði eða aðengileg í fundagátt).
- Hvaða búnaður verður notaður?
- Uppfyllir búnaðurinn og staðsetning hans öryggiskröfur, lög og reglur
- Hefur búnaður verið prófaður? (Góð regla að prófa búnaðinn degi áður en fundur er áformaður).
- Uppfyllir fundarstaður á fjarenda kröfur sem gerðar eru til lokaðra funda innan stjórnarsýslunnar.
- Fundargögn send/birt þátttakanda á fjarenda a.m.k. sólarhring (eða samkv. samþykktum viðkomandi sveitarfélags) áður en fundur er áformaður?

Þegar sveitarfélag hefur sett ákvæði um fjarfundi í samþykktum þá verður þessi undirbúningur fyrirferðarminni eftir því sem reynsla eykst innan sveitarfélagsins og undirbúningur funda ekki meiri en vant er þegar fundir eru ekki í fjarfundi.

Umgjörð myndfunda

Þegar fundir eru haldnir í gegnum myndfundabúnað hvort sem allir fundarmenn eru í myndfundi eða einungis einn þarf að huga að því rými sem þátttakendur eru staðsettir í. Hugsa þarf að lýsingu, hljóði og húsgögnum þegar rýmin eru útbúin. Rými sem bergmálar í henta illa og þá geta sumir litir á húsgöngum verið óþægilegir í mynd.

Tækjabúnaður: Það þarf að huga að því hvaða tæki og forrit eru nýtt til myndfunda. Í næsta kafla verður forritum og fjarfundalausnum gerð frekari skil en auk þess búnaðar þarf að tryggja að myndavélar sem notaðar eru í skilgreindum fjarfundarýmum séu góðar, Hljóðnemar þurfa sömuleiðis að vera góðir og að mögulega þurfa þeir að vera fleiri en einn, veltur á stærð rýma og fjölda fundarmanna. Hátalarar þurfa að vera góðir sem og tölvur sem notar eru við fjarfundina. Best er ef skjáir eru tveir, annar þar sem fundurinn er uppsettur þannig að fundarmenn sjái alltaf allir hver annan og hinn fyrir fundarritun og birtingu gagna.

Hljóð: Hljóðnemar ættu ekki að vera fjær fundarmönnum en 3 m. Fundarmenn ættu að slökkva á hljóðnemum á meðan þeir hlusta til að koma í veg fyrir óþarfa bergmál eða truflanir á hljóði. Þá þarf að passa þegar kveikt er á hljóðnema að

fundarmenn séu ekki að skjáfá í pappír, smella eða framkalla önnur hljóð sem geta truflað.

Myndbygging: Huga þarf að því hvernig þeir sem horfa á mynd í fjarfundabúnaði sjá þá sem eru á fjarenda og öfugt. Atriði sem nauðsynlegt er að huga að eru t.d. hvort fundarmenn eru sitjandi eða standandi, í nærmynd eða fjærmynd, er lýsing með þeim hætti að skuggi kemur á andlit fundarmanna, er bakgrunnur í lit sem er óþægilegur í mynd, er eitthvað í rýminu sem getur valdið glampa, er myndavél beint niður eða upp á fundarmenn eða er hún í augnhæð.

Æskilegt er að hvorki lýsing, litur í bakgrunni eða glampi trufla myndina. Þá er einnig æskilegt að myndavél sé í augnhæð fundarmanna.

Fundarstjórn

Fundarstjórn á fjarfundum krefst aðeins meira af fundarstjóra en hefðbundnir fundir. Fundarstjóri ber fyrst og fremst ábyrgð á því að umræður snúist um boðuð fundarefni og framgangi fundardagskrár. Dagskráratríðið séu afgreidd með fullnægjandi hætti og niðurstaða bókuð.

Að auki reynir á fundarstjóra varðandi fundarstjórn þegar tveir eða fleiri fundarmenn eru saman á fjarenda en aðrir fundarmenn á boðuðum fundarstað. Þá

þarf fundarstjóri að tryggja að fundurinn verði ekki að tveimur fundum.

Önnur atriði eru að tryggja að umræður skili sér í báðar áttir, það er frá fjarenda á fundarstað og öfugt. Að tryggja þátttöku allra fundarmanna, þá þarf oft að huga sérstaklega að þeim sem eru á fjarenda.

Nokkur hagnýt atriði:

- Tal: Fundarmenn stytti mál sitt, tali skýrt en óþarft er að hækka róminn/hrópa.
- Spurningar: Úr sal - stjórnandi fundar endurtaki fyrir fjarenda eða flytji hljóðnema til þess sem hefur orðið.
- Að biðja um orðið af fjarenda: Hver er reglan þar um? Er möguleikinn innbyggður í búnað, á að senda skilaboð á spjalli?
- Atkvæðagreiðslur: Einfaldast að lesa upp nöfn fundarmanna og fá upp afstöðu.

Hagnýt atriði varðandi skjöl í myndfundum

Skjöl skila sér ekki alltaf í sömu gæðum sem myndir á myndfundum. Leturstærð, litir og bakgrunnur gegna lykilhlutverki varðandi það hvernig fundarmenn á fjarenda sjá skjölin.

Hægt er að gera þau þannig úr garði að þau verði eins góð og mögulegt er.

Hér eru nokkur atriði sem þarf að varast við framsetningu skjala fyrir fjarfundi:

- Litríkar myndir (verða daufar)
- Smágert munstur (getur runnið saman).
- Sterkir litir og litasamsetningar (renna saman í eitt og verður ógreinilegt)
- Einungis til að útskýra, vekja athygli á aðalatriðum (stuttur hnitmiðaður texti en ekki langir kaflar).

Hér að neðan eru dæmi um liti og leturstærðir sem henta vel þegar birta á skjöl á myndfundum. Einnig er sett fram til viðmiðunar leturstærðir.

Litir og leturstærð		
Svart á gulu	Gult á svörtu	36 punktar
Gult á bláu	Blátt á gulu	34 punktar
Gult á grænu	Grænt á gulu	32 punktar
Svart á hvítu	Hvitt á svörtu	30 punktar
Grænt á hvítu	Hvitt á grænu	28 punktar
Blátt á hvítu	Hvitt á bláu	26 punktar
Rautt á hvítu	Hvitt á rauðu	24 punktar
		22 punktar
		20 punktar
		18 punktar
		16 punktar
		14 punktar
		12 punktar
		10 punktar

Gátlisti vegna fjarfunda

Fyrir þá starfsmenn eða kjörnu fulltrúa og nefndarmenn sem hafa utanumhald með fjarfundum getur verið gott að hafa gátlista sem farið er í gegnum við undirbúning fundar til að tryggja gæði fundarins og að farið sé að lögum og samþykktum sveitarfélagsins

Tegund fundar

- Myndfundur
- Símafundur

Aðgengi að fundi

- Lokaður fundur
- Opinn fundur

Fundargögn

- Uppsetning skjala í lagi
- Fundargögn send fundarmönnum með nægilegum fyrirvara.

Búnaður

- Fjarfundabúnaður
- Símbúnaður
- Tölvur og forrit til fjarfunda

Prófun á búnaði

- Búnaður hefur verið prófaður.
- Í lagi
- Bilun (búnaður lagfærður eða önnur lausn fundin sem virkar)

Fundarstjórn

- Fundarstjóri hefur kynnt sér reglur um stjórnun fjarfunda.
- Fundarmönnum hafa verið kynntar reglur um framkomu í fjarfundi.
- Tæknimaður er til taks, nafn og símanúmer tiltækt.

Atkvæðagreiðslur

- Hvernig fara þær fram
- Er möguleiki á atkvæðagreiðslum í hugbúnaði sem nýttur er (t.d raise hand í Zoom).

Tækni og búnaður

Verkefnisteymið kannaði nokkur algeng fundaöpp með tilliti til eiginleika þeirra sem nauðsynlegir eru við fundahöld innan stjórnsýslu sveitarfélaga.

Samanburð á þeim má sjá í töflunni hér að neðan.

Heiti forrits	Hljóð	Mynd	Hópaskipting	Skjádeiling	Upptaka	Handaupprétting	Kostnaður	Öryggi persónuupplýsinga
Teams/skype for business	x	x		x	x		Fylgir office 365	x
Zoom	x	x	Með sérstakri áskrift	x	x	x	Frítt/Áskriftargjald	x
Adobe connect	x	x	x	x	x	x	Áskrift	x
Google Hangout	x	x		x			Frítt	
ezTalks meeting	x	x		x	x	x	Frítt/Áskriftargjald	x
Join.me	x	x		x	x		Áskrift	?
Webex	x	x	Webinar hlutinn	x	x	Webinar hlutinn	Áskrift	x
GoToMeeting	x	x		x	x		Áskrift	x
AnyMeeting	x	x		x	x		Áskrift	x
Facebook	x	x		x	x			

Í þessum lista eru greind nokkur forrit sem hægt er að nota til þess að halda fundi. Þessi listi getur breyst hratt þar sem þróun forrita er ör. Ef halda þarf nefndarbyggðaráðs- eða sveitarstjórnarfundu þá eru forrit eins og Zoom eða Adobe connect hentugustu forritin þar sem þau bjóða upp á atriði eins og „handauppréttingar“ o.fl. Öll þessi forrit, að google og facebook undanskildum, eru með miklar öryggiskröfur og öll eru þau með svokallaða Advanced Encryption Standard (AES) 256-bitu dulkóðun. Einnig eru þau flest með End

to end (E2E) dulkóðun sem dulkóðar samskipti á milli fjarenda.

Mikilvægt er að aðbúnaður sé í samræmi við eðli og tilgang fjarfundarins. Eins og bent hefur verið á áður þá er nauðsynlegt að fundir sem falla undir lög um sveitarstjórnir séu í aðstöðu sem er sérstaklega búin fyrir slíka fundi. Þar þarf að vera búnaður með nægilega góðri myndavél, hljóðnema og hátölurum til að skila hljóði og mynd skýrt í báðar áttir. Nettenging þarf að vera trygg og þau forrit og tölvubúnaður sem notaður er til

fundanna uppfærður og í lagi. Þannig þarf að vera búið um hnútana að fundarmaður verði ekki truflaður á meðan á fundi stendur.

Á vinnufundum eru ekki eins miklar kröfur gerðar til aðbúnaðar. Engu að síður er

mikilvægt að muna að umhverfi fundarmanna fylgir þeim inn á fjarfundinn. Því skal ávallt hafa það í huga að þeir sem eru í fjarfundi hafi næði og aðgang að góðri netttengingu og uppfærð forrit og tölvubúnað.

Þjálfun

Hluti af verkefninu fjarfundamenning fól í sér þjálfun starfsmanna stjórnarsýslunnar og kjörinna fulltrúa í undirbúningi og framkvæmd fjarfunda. Í grunninn voru umfjöllunarefni námskeiðanna þau sömu. Meginmunurinn fólst í því að mun meiri áhersla var lögð á lög og reglur á námskeiðum fyrir kjörna fulltrúa. Meiri áhersla var lögð á framkvæmdina sjálfa og aðstæður á námskeiði fyrir starfsmenn sveitarfélaga.

Námskeiðslýsing

2 klst. Námskeið fyrir kjörna fulltrúa

1. Fjarfundir lagrammi.

Umfjöllun um lög og reglugerðir sem eiga við um notkun fjarfunda í starfsemi sveitarfélaga. Hvaða skilyrði þurfa fjarfundir að uppfylla? Í hvaða tilvikum má taka þátt í fundum í gegnum fjarfundabúnað og hvenær ekki.

2. Stjórnun, þátttaka og aðstaða á fjarfundum.

Hvernig tökum við þátt í fjarfundum? Hvað þurfa þátttakendur og stjórnendur að hafa í huga? Hvernig tryggjum við að trúnaður haldist? Hvernig tryggjum við þátttöku og jafnt aðgengi allra fundarmanna.

3. Kerfi og tæknileg atriði

Farið yfir hvaða grundvallarbúnaður þarf að vera fyrir hendi sé ætlunin að taka þátt í fjarfundi? Hvað þarf að athuga fyrir fund og hvernig? Farið yfir

kosti og galla helstu fjarfundakerfa sem notuð eru, t.d. hvað varðar öryggi, sýnileika þátttakenda og deilingu gagna.

Námskeiðslýsing

2 klst. Námskeið fyrir starfsmenn sveitarfélaganna

1. Fjarfundir lagalegur rammi.

Umfjöllun um lög og reglugerðir sem eiga við um notkun fjarfunda í starfsemi sveitarfélaga. Hvaða skilyrði þurfa fjarfundir að uppfylla? Í hvaða tilvikum má taka þátt í fundum í gegnum fjarfundabúnað og hvenær ekki.

2. Stjórnun, þátttaka og aðstaða á fjarfundum.

Hvernig tökum við þátt í fjarfundum? Hvað þurfa þátttakendur og stjórnendur að hafa í huga? Hvernig tryggjum við að trúnaður haldist? Hvernig tryggjum við þátttöku og jafnt aðgengi allra fundarmanna.

3. Kerfi og tæknileg atriði

Farið yfir hvaða grundvallarbúnaður þarf að vera fyrir hendi sé ætlunin að taka þátt í fjarfundi? Hvað þarf að athuga fyrir fund og hvernig? Farið yfir kosti og galla helstu fjarfundakerfa sem notuð eru, t.d. hvað varðar öryggi, sýnileika þátttakenda og deilingu gagna.

Boðið var upp á fjögur námskeið og voru þau hluti af fjarfundamenningarverkefninu. Þann 15. janúar voru haldin tvö námskeið í

húsnæði SÍMEY á Akureyri. Námskeið fyrir starfsfólk sveitarfélaganna var frá klukkan 13:00 til 15:00 og námskeið fyrir kjörna fulltrúa og nefndarmenn frá klukkan 15:00 til 17:00. Viku síðar, þann 23. janúar, voru samskonar námskeið haldin í Þekkingarsetrinu á Húsavík kl. 13:00 og kl. 15:00.

Alls tóku 21 þátt í námskeiðum fyrir starfsmenn og 15 á námskeiðum fyrir kjörna fulltrúa. Allir þátttakendur fengu sendar glærurnar af námskeiðinu og

hugðust einhverjir kynna efni námskeiðanna fyrir samstarfsfólki sínu.

Námskeiðin er hægt að endurtaka ef vilji er fyrir hendi, hvort sem er sameiginlega á vettvangi Eyþings eða hjá sveitarfélögunum sjálfum. Einnig hafa glærur af námskeiðunum verið talsettar og verða sendar Eyþingi til birtingar á vef samtakanna og sveitarfélögum á starfssvæðinu til kynningar.

Samantekt

Í verkefninu fjarfundamenning var lagt upp með að auka þekkingu og efla notkun meðal kjörinna fulltrúa á Eypings svæðinu á fjarfundum, auka þekking stafsmanna sömuleiðis. Jafnframt að gera sveitarfélögin betur í stakk búin til að innleiða störf án staðsetningar.

Megin áherslan var á störf sveitastjórnarfólks og starfsmanna stjórnsýslu sveitarfélaganna. Engu að síður getur efni námskeiðanna sem mótuð voru á vettvangi verkefnisins nýst mun fleirum, til að mynda starfsmönnum innan stofnana og fyrirtækja sem starfa á vegum sveitarfélaganna s.s. leik- og grunnskólum. Þá getur efnið nýst vinnustöðum sem ekki eru á vettvangi sveitarfélaganna, til að bæta gæði fjarfunda á sínum vettvangi. Þá má horfa til einkafyrirtækja sem hafa margar starfsstöðvar eða starfsmenn í dreifðri búsetu en einnig opinberar stofnanir ríkisins sem starfa á stórum landssvæðum.

Ávinningur þess að nota fjarfundi í auknum mæli getur verið fjölþættur. Í einhverjum tilfellum getur kostnaður við fundi lækkað þar sem ekki þarf að greiða ferðakostnað fyrir fundarmenn ef fjarfundir eru heimilir innan sveitarfélags. Að heimila fjarfundi getur verið einn þáttur í að styrkja dreifðari byggðir. Íbúar dreifðari byggða ættu

auðveldara með að bjóða sig fram til sveitarstjórnar og sinna sveitarstjórnarstörfum ef heimildir eru til staðar í samþykktum sveitarfélags til fjarfundanotkunar. Notkun fjarfunda í samstarfi milli starfsmanna getur sömuleiðis verið hvati til þess að sinna vinnu annars staðar en þar sem megin stjórnstöð stjórnsýslunnar er staðsett.

Við sem áttum aðkomu að þessu verkefni höfum um árabil vanist því að nota fjarfundi reglubundið í okkar störfum. Hluti okkar hefur jafnframt reynt af störfum á vettvangi sveitarfélaga, sem starfsmenn og sem kjörnir fulltrúar. Verandi vön fjarfundanotkun og þeim þægindum sem því fylgir kom á óvart hversu takmarkaðar heimildir sveitarfélaga eru til að nota fjarfundi. Jafnframt kom á óvart að einungis í fimm af 13 sveitarfélögum höfðu verið sett fram ákvæði um fjarfundi í samþykktum. Af því leiðir að í átta sveitarfélögum eru ekki til staðar heimildir til að nýta fjarfundabúnað við fundahöld á vettvangi sveitarstjórnar og fastanefnda.

Af svörum sveitarstjóra má sjá vísbendingar um áhuga á notkun f aukinni notkun fjarfunda í starfi sveitarfélaganna, hvort tveggja innan þeirra og í samstarfi þeirra á milli. Sjö af 13 sveitarstjórum telja að aukin notkun gæti leitt til hagræðingar í rekstri og allir telja þeir að aukin notkun

fjarfunda yrði til hagsbóta í samstarfs-
verkefnum sveitarfélaga.

Þegar vinnu við verkefnið var um það bil að
ljúka lagði ríkisstjórnin fram frumvarp til
laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum
og lögum um tekjustofna sveitarfélaga.
Ástæða þess að það er tekið upp hér er að
nái frumvarpið fram að ganga breytast
ýmsar forsendur sem fjallað hefur verið í
verkefninu og á námskeiðunum sem haldin
voru fyrir starfsmenn og kjörna fulltrúa.

Eins og áður hefur komið fram segir í 3.
mgr. 17. grein sveitarstjórnarlaga nr.
138/2011:

Ef fjarlægðir í sveitarfélagi eru
miklar eða samgöngur innan
sveitarfélags eru erfiðar er heimilt
að nota fjarfundarbúnað á fundum
sveitarstjórnar. Skal þá mælt fyrir
um notkun slíks búnaðar í
samþykkt um stjórn sveitar-
félagsins. (Sveitarstjórnarlög,
2011)

Nái frumvarp ríkisstjórnarinnar fram að
ganga mun sama málsgrein verða
svohljóðandi:

Heimilt er að nota fjarfundarbúnað
á sveitarstjórnarfundum og öðrum
fundum nefnda sveitarfélagsins, ef
aðstæður mæla með því að slíkur
búnaður sé notaður og
sveitarstjórnamaður er staddur í
sveitarfélaginu eða í erinda-
gjörðum innanlands á vegum
sveitarfélagsins. Skal þá mælt fyrir
um notkun slíks búnaðar í
samþykkt um stjórn sveitar-
félagsins.

Þegar fjarfundarbúnaður er
notaður skal tryggja jafna
möguleika allra fundarmanna til
þátttöku í fundi og atkvæða-

greiðslu, óskerta möguleika þeirra
sem viðstaddir eru fund til að
fylgjast með því sem þar fer fram,
sbr. 1. mgr. 16. gr., og öryggi
samskipta milli fundarmanna.
(Alþingi, 2020)

Með þessari breytingu eru heimildir
sveitarfélaga til notkunar á fjarfundum
rýmkaðar töluvert þar sem þær byggja ekki
á þeirri forsendu að samgöngur séu erfiðar
eða fjarlægðir miklar. Inn kemur orðalag
sem verður að einhverju leyti matskennt
þ.e. varðandi það hvenær aðstæður mæla
með notkun búnaðar.

Þar sem 19. gr. sveitarstjórnarlaga segir að
ráðherra skuli setja fram í auglýsingu
leiðbeiningar um ritun fundargerða og
framkvæmd fjarfunda má gera ráð fyrir að
ný auglýsing muni líta dagsins ljós og taka
á því hvaða aðstæður mæla með notkun
fjarfundabúnaðar.

Ákvæðið um að mælt skuli fyrir um notkun
fjarfundabúnaða í samþykktum
sveitarfélaga verður áfram til staðar. Sé
ekki fjallað um fjarfundi í samþykktum
sveitarfélaga er ekki heimilt að nota
fjarfundabúnað til fundahalda.

Í lagafrumvarpinu er að auki fjallað um
annars vegar óskerta möguleika
fundarmanna til að fylgjast með því sem
fram fer og öryggi samskipta fundarmanna.
Þessi atriði eru ný í lögnum en hvoru
tveggja voru gerð nokkuð góð skil á
námskeiðum fyrir kjörna fulltrúa og
nefndarmenn sem og námskeiðum fyrir

starfsmenn. Það er ljóst að fundarmaður sem er á fundi í gegnum síma hefur ekki óskerta möguleika til að fylgjast með því sem fram fer á fundi. Hann sér ekki gögn sem deilt er á skjá með fundarmönnum eða fundargerð sem rituð er á fundi. Þá hefur hann ekki möguleika á að sjá aðra fundarmenn og það sem oft er tjáð án orða með svipbrigðum og líkamstjáningu. Það

sama gildir svo um fundarmenn sem eru saman á fundarstað að þeir sjá ekki fundarmann sem er í síma og hans svipbrigði eða líkamstjáningu. Þá er heldur ekki hægt að segja til með óyggjandi hætti að hann sé í aðstæðum sem eru öruggar fyrir samskipti milli fundarmanna.

Heimildaskrá:

Alþingi. Frumvarp til laga um breytingar á sveitarstórnalögum og lögum um tekjustofna sveitarfélaga. (2020). Sótt af: [https://samradsgatt.island.is/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=2618](https://samradsgatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=2618)

Eyþing. (2016). Sóknaráætlun fyrir Norðurland eystra 2015-2019. Sótt af <https://www.eything.is/static/files/gh/Soknaraaetlun/soknaraaetlun-nl-eystra-2016utg-2-vidaukar-lokaloka.pdf>

Samþykkt um stjórn og fundarsköp Akureyrarbæjar. Nr. 751/2019

Samþykkt um stjórn Hörgársveitar og fundarsköp sveitarstjórnar. Nr. 678/2013

Samþykkt um stjórn sveitarfélagsins Grýtubakkahreppur. Nr. 514/2013

Samþykkt um stjórn sveitarfélagsins Þingeyjarsveitar. Nr. 641/2019

Stjórnartíðindi. (2013). Auglýsing um notkun fjarfundabúnaðar á fundum sveitarstjórna. Nr. 1140. Sótt af: [file:///C:/Users/Sif/Downloads/B_nr_1140_2013%20\(11\).pdf](file:///C:/Users/Sif/Downloads/B_nr_1140_2013%20(11).pdf)

Sveitarstjórnarlög nr. 138/2011

Viðaukar

Viðauki 1 – Erindi til sveitarstjóra um rafræna könnun

Ágætu sveitarstjórar/oddvitar.

SÍMEY og Þekkingarnet Þingeyinga vinna um þessar mundir að verkefni sem heitir Fjarfundamenning. Verkefnið er eitt af áhersluverkefnum sóknaráætlunar Eyþings en meginmarkmið verkefnisins er að auka þekkingu og efla notkun meðal kjörinna fulltrúa á Eyþingssvæðinu á fjarfundum í nefndum/ráðum og stjórnnum sveitarfélaga. Við viljum fara þess á leit við ykkur að svara stuttum spurningalista sem fylgir hér með í tengli. Þessi spurningarlisti er til þess að greina stöðuna í þessum málum á svæðinu sem hjálpar okkur við næstu skref. Nánari upplýsingar um verkefnið er að finna í þessum [tengli](#)

Þessi póstur er eingöngu ætlaður sveitarstjórum/oddvitum sveitarfélaganna.

Hér er tengill á könnunina

Verkefnateymi SÍMEY og Þekkingarnets Þingeyinga

Viðauki 2 – Spurningakönnun

Spurningakönnun sem lögð var fyrir sveitastjóra og oddvita sveitarfélaga á starfssvæði Eypings.

I.hluti – Aðstaða og búnaður

1. Er stjórnsýsla bæjar-/sveitarfélagsins með fleiri en eina starfsstöð?
 - Nei eingöngu er ein sveitarstjórnarskrifstofa, þar sem starfsemi stjórnsýslunnar fer fram.
 - Já starfsstöðvar eru tvær.
 - Já starfsstöðvar eru þrjár eða fleiri.
2. Hefur sveitarfélagið komið sér upp sérstakri aðstöðu til fjarfunda?
 - Já á aðalstarfsstöð stjórnsýslu.
 - Já á öllum starfsstöðvum stjórnsýslu.
 - Nei, sveitarfélagið er ekki með sérstaka aðstöðu til að halda fjarfundi.
3. Hvers konar búnað á sveitarfélagið til fjarfunda? (Merkið við allt sem á við.)
 - Sveitarfélagið á búnað til símafunda.
 - Sveitarfélagið á búnað til fjarfunda í gegnum internetið, hljóð og mynd.
 - Sveitarfélagið á ekki sérstakan búnað til fjarfunda.
4. Hvaða tegund fjarfunda er notuð innan stjórnsýslu sveitarfélagsins ef einhver? (Merkið við allt sem við á.)
 - Símafundir
 - Skype for business
 - Skype
 - Zoom
 - Facebook
 - Google Hangout
 - Teams (office 365)
 - Engin
 - Annað, hvað?
5. Hvað telur þú að þyrfti helst að bæta til að auka notkun fjarfunda í þínu sveitarfélagi?
 - Bættan tækjabúnað
 - Bætt fjarfundarými
 - Fræðslu og þjálfun í stjórnun fjarfunda og þátttöku í þeim.
 - Samræmingu á milli sveitarfélaga í fjarfundamálum.
 - Mitt sveitarfélag er vel í stakk búið til að nota fjarfundi í þeim mæli sem okkur hentar.
 - Annað, hvað? _____

II.hluti – Starfsmenn sveitarfélagsins

6. Eru fjarfundir nýttir af starfsmönnum sveitarfélagsins? (Merkið við allt sem á við.)
 - Já í samstarfi innan sveitarfélagsins.
 - Já í samstarfsverkefnum við önnur sveitarfélög og/eða á landsvísu.
 - Nei við nýtum okkur ekki fjarfundi.þ
 - Annað, hvað? _____

7. Telur þú að aukin notkun fjarfunda í starfi sveitarfélagsins myndi bæta starfsemi þess?
- Mjög mikið
 - Mikið
 - Hvorki né
 - Lítið
 - Mjög lítið
8. Telur þú að aukin notkun fjarfunda í starfi sveitarfélagsins myndi leiða til hagræðingar í rekstri sveitarfélagsins?
- Mjög mikið
 - Mikið
 - Hvorki né
 - Lítið
 - Mjög lítið
9. Hafa starfsmenn kost á að nýta sér fjarvinnslumöguleika (virtual office)?
- Já
 - Nei
 - Veit ekki
 - Annað, hvað?

III.hluti – Kjörnir fulltrúar og nefndarmenn

10. Eru fjarfundir nýttir af kjörnum fulltrúum og nefndarmönnum? (Merkið við allt sem á við.)
- Já á sveitarstjórnarfundum.
 - Já á nefndarfundum.
 - Já í samstarfsverkefnum við önnur sveitarfélög og/eða á landsvísu.
 - Nei við nýtum okkur ekki fjarfundi.
 - Annað, hvað?
11. Eru bæjar-/sveitarstjórnarfundir í einhverjum tilvikum haldnir í fjarfundi?
- Kjörnir fulltrúar hafa ávallt kost á því að taka þátt í bæjar-/sveitarstjórnarfundum í gegnum fjarfundarbúnað.
 - Kjörnir fulltrúar eiga kost á að taka þátt í bæjar-/sveitarstjórnarfundum ef veður eða samgöngur hamla því að þeir komist á fundarstað.
 - Eingöngu er hægt að taka þátt í bæjar-/sveitarstjórnarfundum með því að mæta á fundarstað.
12. Eru nefndar-/ráðsfundir í einhverjum tilvikum haldnir í fjarfundi?
- Kjörnir fulltrúar hafa ávallt kost á því að taka þátt í nefndar-/ráðsfundum í gegnum fjarfundarbúnað.
 - Í undantekningartilvikum geta kjörnir fulltrúar tekið þátt í nefndar-/ráðsfundum í gegnum fjarfundabúnað.
 - Eingöngu er hægt að taka þátt í nefndar-/ráðsfundum með því að mæta á fundarstað.
13. Eru vinnufundir kjörinna fulltrúa í einhverjum tilvikum haldnir í fjarfundi?
- Já í miklum mæli.
 - Já í einhverjum mæli.
 - Nei ekki mér vitanlega.

14. Telur þú að aukin notkun fjarfunda í samstarfsverkefnum milli sveitarfélaga væri til hagsbóta?

- Já
- Nei
- Veit ekki
- Annað, hvað?

15. Hvað telur þú að þurfi helst að hafa í huga þegar fjarfundir eru nýttir af starfsmönnum, kjörnum fulltrúum og nefndarmönnum sveitarfélaga til fundahalda og samstarfs?

Viðauki 3 – Gátlisti vegna fjarfunda

Gátlisti vegna fjarfunda

Tegund fundar

- Myndfundur
- Símafundur

Aðgengi að fundi

- Lokaður fundur
- Opinn fundur

Fundargögn

- Uppsetning skjala í lagi
- Fundargögn send fundarmönnum með nægilegum fyrirvara.

Búnaður

- Fjarfundabúnaður
- Símbúnaður
- Tölvur og forrit til fjarfunda

Prófun á búnaði

- Í lagi
- Bilun (búnaður lagfærður eða önnur lausn fundin sem virkar)

Fundarstjórn

- Fundarstjóri hefur kynnt sér reglur um stjórnun fjarfunda.
- Fundarmönnum hafa verið kynntar reglur um framkomu í fjarfundi.
- Tæknimaður er til taks, nafn og símanúmer tiltækt.

Atkvæðagreiðslur

- Hvernig fara þær fram
- Er möguleiki á atkvæðagreiðslum í hugbúnaði sem nýttur er (t.d raise hand í Zoom).

Viðauki 4– Námskeið fyrir kjörna fulltrúa og nefndamenn



bekkingarnet
Þingeyinga

SÍMEY

FJARFUNDAMENNING

 **SÓKNARÁÆTLUN**
NORÐURLANDS EYSTRA


UPPBYGGING NÁMSKEIÐS

- 15:00-15:45
 - Um verkefnið
 - Lög, reglugerðir og samþykktir
- 15:45-16:00
 - Fundir og umhverfi
- 16:10-17:00
 - Notkun fjarfundabúnaðar



FJARFUNDAMENNING

- Áhersluverkefni Sóknaráætlunar Eypings 2019.
- Samstarfsverkefni SÍMEY símenntunarmiðstöðvar Eyfirðinga og Þekkingarnets Þingeyinga.



MARKMIÐ

- Auka þekkingu og efla notkun meðal kjörinna fulltrúa á Eyþingssvæðinu fjarfundum í nefndum/ráðum/stjórnnum sveitarfélaga.
- Auka þekkingu og notkun starfsmanna og stjórnsýslu sveitarfélaga á Eyþingssvæðinu á fjarfundum í daglegum störfum.
- Gera sveitarfélögin á Eyþingssvæðinu betur í stakk búin til að innleiða "störf án staðsetningar", t.d. með búsetu og starfsstöðvum í dreifðari byggðum sveitarfélaganna.



Styrking dreifðari byggða og svæðis
Tímasparnaður og jafnræði
Fjárhagslegur
Umhverfislegur



Ávinningur

Lög og reglugerðir

Hvað má og hvað má ekki?
Hvaða skilyrði þarf að uppfylla á fjarfundum?
Hvenær eiga lög og reglugerðir við?




SVEITARSTJÓRNARLÖG 138/2011

17. grein, um ályktunarhæfni og atkvæðagreiðslu,
3. mgr.:


„Ef fjarlægðir í sveitarfélagi eru miklar eða samgöngur innan sveitarfélags eru erfiðar er heimilt að nota fjarfundarbúnað á fundum sveitarstjórnar. Skal þá mælt fyrir um notkun slíks búnaðar í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins.“

19. grein : ”-Ráðherra setur með auglýsingu leiðbeiningar um ritun fundargerða sveitarstjórna, m.a. um hvað þar er skylt að bóka, um staðfestingu þeirra þegar að loknum fundi og skráningu og meðferð rafrænna fundargerða. Þar skal einnig setja nánari viðmið um framkvæmd fjarfunda.



AUGLÝSING UM
LEIÐBEININGAR UM
NOTKUN
FJARFUNDABÚNAÐAR Á
FUNDUM
SVEITARSTJÓRNA

„2. gr. Sveitarstjórnarmanni er heimilt að taka þátt í fundi sveitarstjórnar í gegnum fjarfundarbúnað ef fjarlægð frá fundarstað, slæmt veður eða samgönguörðugleikar innan sveitarfélags torvelda honum fundarsókn. Sveitarstjórnarmaður sem óskar eftir að taka þátt í fundi í gegnum fjarfundarbúnað af ofangreindum ástæðum skal tilkynna það oddvita og sveitarstjóra með nægjanlegum fyrirvara. Með sama hætti og með sömu fyrirvörum má nýta fjarfundarbúnað á fundum byggðarráðs og annarra fastanefnda sveitarfélags.“




AUGLÝSING UM
LEIÐBEININGAR UM
NOTKUN
FJARFUNDABÚNAÐAR Á
FUNDUM
SVEITARSTJÓRNA

1. gr.
..... heimildin á ekki við ef sveitarstjórnarmaður er staddur utan sveitarfélagsins eða forfallaður af öðrum ástæðum en tilgreindar eru í 2. gr.

3. gr.
Mikilvægt er að tryggja jafna möguleika allra fundarmanna til þátttöku á fundi hvort sem þeir eru viðstaddir eða taka þátt í gegnum fjarfundarbúnað.....

4. gr.
Að öllu jöfnu skal hver og einn fundarmaður, hvort sem hann er staddur á fundarstað eða annars staðar, vera sýnilegur öðrum fundarmönnum á meðan á fundi stendur þannig að hægt sé að fylgjast með innleggi hans og þátttöku í fundi án hindrana....



**AUGLÝSING UM
LEIÐBEININGAR UM
NOTKUN
FJARFUNDABÚNAÐAR Á
FUNDUM
SVEITARSTJÓRNA**

6. gr.

Mikilvægt er að tryggja öryggi í samskiptum á milli fundarmanna þannig að óviðkomandi geti ekki fylgst með umræðum um mál sem rædd eru á lokuðum fundi.

7. gr.

Ef fjarfundarbúnaður bregst á fundi skal gert fundarhlé.

8. gr.

...Sá sem tekur þátt í fundi í gegnum fjarfundarbúnað skal eiga kost á að hlýða á upplesturinn svo hann geti komið að athugasemdum sínum ef einhverjar eru. Hann skal síðan undirrita fundargerðina á næsta fundi sem hann er viðstaddur eða á skrifstofu sveitarfélagsins.

Viðauki 5– Námskeið fyrir starfsmenn sveitarfélaga



FJARFUNDAMENNING
Fjarfundir og tækni




SÓKNARÁÆTLUN
NORÐURLANDS EYSTRA

Í þessum fyrirlestri

- Mismunandi fjarfundir
- Aðstaðan
- Búnaður
- Aðeins um fundarstjórn og fundarhegðun
- Vangaveltur um hugbúnað
- Teams og Zoom



Fjarfundur- eða hvað?

- Fjarfundur
 - Blandaðir fundir (þrjár gerðir)
 - Formlegir fundir nefnda og sveitarstjórna (Fundir sem falla undir sveitarstjórnarlög)
 - Óformlegir vinnufundir - verklag
- 



Hópur með fundarstjóra á staðnum, einstaklingar á fjarenda

Kostir

- Sveigjanleiki
- Tímasparnaður
- Ef einstaklingur er gestur á fundi í takmarkaðan tíma

Gallar

- Ójafnvægi fundarmanna
- Útstöðvar gleymast
- Innri samræður innan hóps á staðnum (sýnileiki fundarmanna)
- Krefjandi fundarstjórn

- Hægt að nota á formlegum sveitarstjórnar – og nefndarfundum að uppfylltum skilyrðum.



MARKMIÐ

- Auka þekkingu og efla notkun meðal kjörinna fulltrúa á Eypingsvæðinu fjarfundum í nefndum/ráðum/stjórnnum sveitarfélaga.
- Auka þekkingu og notkun starfsmanna og stjórnýslu sveitarfélaga á Eypingsvæðinu á fjarfundum í daglegum störfum.
- Gera sveitarfélögin á Eypingsvæðinu betur í stakk búin til að innleiða "störf án staðsetningar", t.d. með búsetu og starfsstöðvum í dreifðari byggðum sveitarfélaganna.



Styrking dreifðari byggða og svæðis
Tímasparnaður og jafnræði
Fjárhagslegur
Umhverfislegur



Ávinningur

Lög og reglugerðir

Hvað má og hvað má ekki?
Hvaða skilyrði þarf að uppfylla á fjarfundum?
Hvenær eiga lög og reglugerðir við?

SVEITARSTJÓRNARLÖG 138/2011


17. grein, um ályktunarhæfni og atkvæðagreiðslu,
3. mgr.:

„Ef fjarlægðir í sveitarfélagi eru miklar eða samgöngur innan sveitarfélags eru erfiðar er heimilt að nota fjarfundarbúnað á fundum sveitarstjórnar. Skal þá mælt fyrir um notkun slíks búnaðar í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins.“

19. grein : “-Ráðherra setur með auglýsingu leiðbeiningar um ritun fundargerða sveitarstjórna, m.a. um hvað þar er skylt að bóka, um staðfestingu þeirra þegar að loknum fundi og skráningu og meðferð rafrænna fundargerða. Þar skal einnig setja nánari viðmið um framkvæmd fjarfunda.

AUGLÝSING UM LEIÐBEININGAR UM NOTKUN FJARFUNDABÚNAÐAR Á FUNDUM SVEITARSTJÓRNA

„2. gr. Sveitarstjórnarmanni er heimilt að taka þátt í fundi sveitarstjórnar í gegnum fjarfundarbúnað ef fjarlægð frá fundarstað, slæmt veður eða samgönguörðugleikar innan sveitarfélags torvela honum fundarsókn. Sveitarstjórnarmaður sem óskar eftir að taka þátt í fundi í gegnum fjarfundarbúnað af ofangreindum ástæðum skal tilkynna það oddvita og sveitarstjóra með nægjanlegum fyrirvara. Með sama hætti og með sömu fyrirvörum má nýta fjarfundarbúnað á fundum byggðarráðs og annarra fastanefnda sveitarfélags.“



**AUGLÝSING UM
LEIÐBEININGAR UM
NOTKUN
FJARFUNDABÚNAÐAR Á
FUNDUM
SVEITARSTJÓRNA**

1. gr.

..... heimildin á ekki við ef sveitarstjórnarmaður er staddur utan sveitarfélagsins eða forfallaður af öðrum ástæðum en tilgreindar eru í 2. gr.

3. gr.

Mikilvægt er að tryggja jafna möguleika allra fundarmanna til þátttöku á fundi hvort sem þeir eru viðstaddir eða taka þátt í gegnum fjarfundarbúnað.....

4. gr.

Að öllu jöfnu skal hver og einn fundarmaður, hvort sem hann er staddur á fundarstað eða annars staðar, vera sýnilegur öðrum fundarmönnum á meðan á fundi stendur þannig að hægt sé að fylgjast með innleggi hans og þátttöku í fundi án hindrana....

6. gr.


Mikilvægt er að tryggja öryggi í samskiptum á milli fundarmanna þannig að óviðkomandi geti ekki fylgst með umræðum um mál sem rædd eru á lokuðum fundi.

7. gr.

Ef fjarfundarbúnaður bregst á fundi skal gert fundarhlé.

8. gr

...Sá sem tekur þátt í fundi í gegnum fjarfundarbúnað skal eiga kost á að hlýða á upplesturinn svo hann geti komið að athugasemdum sínum ef einhverjar eru. Hann skal síðan undirrita fundargerðina á næsta fundi sem hann er viðstaddur eða á skrifstofu sveitarfélagsins.



**AUGLÝSING UM
LEIÐBEININGAR UM
NOTKUN
FJARFUNDABÚNAÐAR Á
FUNDUM
SVEITARSTJÓRNA**



Fjarfunda- menning

